

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

RAFLEIÐNIMÆLINGAR VIÐ AUSTURKOT Í FLÓA

Valgarður Stefánsson

OSJHD7 5:20

Marz 1975

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

RAFLEIÐNIMÆLINGAR VIÐ AUSTURKOT Í FLÓA

Valgarður Stefánsson

OS-JHD-7520

Marz 1975

1. Inngangur.

Að beiðni Þorvarðs Árnasonar gerði Jarðhitadeild Orkustofnunar þrjár viðnámsmælingar við Austurkot í Flóa sumarið 1974. Tilgangur mælinganna er að kanna dreifingu jarðhita í berggrunni við Austurkot.

Í skýrslu þessari er fjallað um niðurstöður mælinganna.

2. Viðnámsmælingar.

Staðsetning mælinganna Fló 1-3 er sýnd á Fnr. 12222. Þar er einnig sýnd staðsetning tveggja eldri mælinga ~~J-1~~ og J-10.

D-1

Á Fnr. 12223 er svo sýnd lagskipting jarðviðnámsins í hverri mælingu fyrir sig. Svo sem fram kemur á þessari mynd er eðlisviðnám bergs þarna á 500-1000 m dýpi um 50 Ωm. Er þetta nokkuð herra viðnám en mælist við jarðhitasvæðin rétt norðan við Austurkot (Laugardalur, Þorleifskot, Árbær), en er þó nokkuð minna en eðlisviðnám bergs austar í Flóa þar sem ekki er vitað um jarðhita.

Þó fjarlægð milli Austurkots og Þorleifskots sé ekki nema 4-5 km, virðist þó sem komið sé í syðri mörk jarðhitasvæðisins við Austurkot, ef ekki er hreinlega komið út fyrir svæðið.

Þorun eftir heitu vatni við Austurkot verður því að teljast allmikið áhættufyrirtæki. Mjög ólíklegt er talið að fá megi heitt vatn í Austurkoti með grunnri þorun, og er álitnið að bora þurfi a.m.k. 800-1000 m

til þess að hægt sé að fá úr því skorið hvort vinna
megi jarðhita við Austurkot. Kostnaður við slíka
borun er líklega mjög sambærilegur við hitaveitulögn
frá Þorleifskoti að Austurkoti.



Austurkot Flóa
Staðsetning viðnámsmælinga



